

Jón Kristjánsson,
Veiðimálastofnun.

Rannsóknir á Þórisvatni 1980.

Farið var í Þórisvatn seinnipart júlí 1980. Fremur hátt var þá í vatninu, eiðið við Austurbotnavatn að mestu komið í kaf. Ekki varð vart við veiðimenn meðan við vorum þarna. Lögð voru rannsóknarnet með möskvastærðum 19,5-45 mm, alls 16 net, bæði í Austurbotnavatni (stangveiðisvæðinu) og utan við eiðið, 1-2 km frá því. Afli fékkst eingöngu í Austurbotnavatni, en ekkert utan við eiðið. Alls veiddust 38 fiskar 22-57 cm að lengd. Einungis 8 fiskar voru 37 cm að stærð. Fiskurinn var áberandi feitur, meðal þyngdarstuðull reyndist $K=1,11$. Magainnihald var athugað hjá 23 fiskum og var yfirleitt lítið af fæðu. 9 voru með tóman maga, 9 hálf-tóman, 4 hálffullan og aðeins einn með fullan maga. Algengasta fæðutegund var vatnaskel (pisidum sp), þá rykmýslirfur og púpur. Dýrasvif fannst í tveim mögum (hjá 25-32 cm löngum fiskum) Annarra fæðudýra varð ekki vart, en þess ber þó að geta að greiningin var gerð á staðnum með berum augum.

Hreistur var tekið til aldursgreiningar af öllum fiskunum, og sjást niðurstöður í töflu 1 og á mynd 1.

Tafla 1. Útreiknaðar lengdir á urriða úr Þórisvatni 21/7 1981.

Aldur	Árg.	Fjöldi	\bar{L}	\bar{L}_1	\bar{L}_2	\bar{L}_3	\bar{L}_4	\bar{L}_5	\bar{L}_6	\bar{L}_7	\bar{L}_8	\bar{L}_9	\bar{L}_{10}
5+	1975	1	22,0	2,5	5,4	10,1	15,6	20,3					
6+	1974	5	27,0	2,3	5,7	9,3	13,5	19,2	25,2				
7+	1973	1	40,5	2,7	6,8	11,0	18,6	27,8	34,7	39,0			
8+	1972	11	38,5	2,7	6,1	10,2	14,5	19,3	24,8	31,5	36,6		
9+	1971	15	42,6	3,0	6,9	11,5	16,3	21,8	26,9	31,7	37,3	41,5	
10+	1970	5	48,4	3,1	7,6	13,0	18,1	23,6	29,4	32,8	38,0	44,0	47,7

Sjá má, að 1970 árgangurinn sem mest hefur borið á í fyrri rannsóknum er nú mjög tekinn að þynnast. 1971 og 1972 árgangarnir eru algengastir, en yngri fiskur látur mjög á sér standa. Þetta

er í samræmi við fyrri rannsóknir, þar sem fram hefur komið að mjög lítið virðist hafa fæðst eftir að vatnsmiðlun hófst 1973. Fiski fækkar því stöðugt eftir því sem eldri árgangar deyja drottni sínum. Þetta er sennilega skýringin á því hve fiskur er enn feitur. Þótt fæðumagn fari þverrandi, þá fækkar einnig fiskinum svo nóg er eftir handa þeim sem eftir lifa. Magainnihald fiskanna bendir til þess að ekki sé um auðugan garð að gresja, a.m.k. ekki á þessum árstíma. Hugsanlegt er að svifdýramagn sé meira að hausti. Það hefur ekki verið kannað sérstaklega, enda myndi það hafa lítil áhrif á heildar- atburðarrásina, sem er þverrandi fiskstofn og minnkandi fæða. Óvíst er hvort urriðaseiðasleppingar myndu svara kostnaði í Þórisvatni m.a. vegna þess hve öll aðstaða til veiði er orðin óaðlaðandi og erfið. Ég tel þó rétt að slíkt sé reynt, en minni jafnframt á að ekki má sleppa bleikjuseiðum í vatnið undir neinum kringumstæðum.

VÖXTUR Á URRÍÐA Í ÞÓRISVATNI 1980
Fjöldi Fiska í Sviga

lengd
sm

